

Sessa Francesco gegn Ítalíu

Dómur frá 3. apríl 2012

Mál nr. 28790/08

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

Lögmenn. Starfsskyldur. Helgidagar.

1. Málsatvik

Kærandi, Francesco Sessa, er ítalskur ríkisborgari, fæddur árið 1955 og búsettur í Napolí þar sem hann starfar sem lögmaður. Hann er gyðingatúar og var ósáttur við þá ákvörðun dómara að þinghald í máli þar sem hann var réttargæslumaður brotaþola færi fram á helgidegi gyðinga. Kærandi hafði farið fram á við dómara að dagsetningar þar sem taka átti málið fyrir yrðu endurskoðaðar enda væru báðir dagarnir, 13. og 18. október 2005, helgidagar gyðinga. Hélt hann því fram að trúarlegar skyldur sínar og sannfæring kæmu í veg fyrir að hann gæti sótt þinghaldið. Dómari neitaði að verða við kröfum kæranda og ákvað að þinghald skyldi haldið 13. október 2005. Í kjölfar ákvörðunarinnar fór kærandi fram á frestun þinghaldsins auk þess sem hann lagði fram kæru á hendur dómaranum í málinu. Beiðni kæranda um frestun var tekin fyrir þann 13. október 2005 og bókaði dómari að kærandi hefði ekki mætt sökum persónulegra ástæðna. Saksóknari og verjendur í málinu lögðust gegn beiðni kæranda en réttargæslumenn annarra brotaþola tóku undir hana. Með úrskurði sama dag hafnaði dómari beiðni kæranda þar sem aðeins væri nauðsynlegt að saksóknari og verjendur væru viðstaddir þinghaldið enda væri markmið þess að afla sönnunargagna með skýrslutöku fyrir dómi. Þar að auki var samkvæmt réttarfarslögum ekki nauðsynlegt að fresta þinghaldi þótt réttargæslumaður hefði lögmaða afsökun fyrir því að komast ekki. Dómari benti á að fjöldi manna kæmi að réttarhaldinu, sakborningar, saksóknari, verjendur, brotaþolar, sérfræðingar, og sérfræðivitni, og mikið álag væri á dómstólnum sem þýddi að fresta þyrfti þinghaldinu til ársins 2006, ef það væri ekki tekið fyrir 13. eða 18. október 2005. Nauðsynlegt væri að taka málið fyrir án óþarfa tafa. Kærandi kærði ákvörðunina, en málinu var vísað frá 2008 þar sem honum hafði ekki tekist að sýna fram á ásetning dómara til að brjóta á rétti hans til að iðka trú sína.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að með því að hafna beiðni hans um frestun þinghalds vegna helgidags gyðinga hefði verið brotið gegn rétti hans samkvæmt 9. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Mannréttindadómstóllinn tók fram að ákvörðun dómara um að hafna beiðni kæranda um frestun þinghalds hafði byggt á skýrum ákvæðum réttarfarslaga Ítalíu. Dómstóllinn var ekki sannfærður um að sú ákvörðun að halda þinghaldið á helgidegi gyðinga og neita að fresta því hefði falið í sér skerðingu á rétti kæranda til að iðka trú sína í skilningi 9. gr. sáttmálans. Óumdeilt var að kærandi gat tekið þátt í umræddum helgidegi og iðkað trúarskyldur sínar. Þá hafði kærandi mátt búast við því að beiðni hans yrði hafnað á grundvelli ákvæða réttarfarslaga. Með hliðsjón af því var honum í lófa lagið að fá einhvern til að mæta í sinn stað í umrætt þinghald. Kæranda hafði ekki tekist að sýna fram á að hann hefði verið þvingaður til að láta af iðkun trúarbragða sinna vegna þinghaldsins. Dómstóllinn benti ennfremur á að jafnvel þótt talið yrði að réttur kæranda samkvæmt 9. gr. sáttmálans hefði verið skertur þá byggði sú skerðing á skýrri lagastöð og væri réttlæt看leg til að vernda frelsi og réttindi annarra, einkum rétt alls almennings til þess að dómstörf gengju greiðlega og að á þeim yrðu ekki óþarfar tafir. Með vísan til þessa komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 9. gr. sáttmálans. Dómstóllinn taldi að önnur ákvæði sáttmálans kæmu ekki til skoðunar í málinu.

Þrír dómarar skiluðu séráliti.